

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 11. febrúar 2026:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um átak við að bæta merkingar á biðstöðvum og skiptistöðvum strætisvagna í Reykjavík

Lagt er til að ráðist verði í átak við að bæta merkingar á biðstöðvum og skiptistöðvum strætisvagna í Reykjavík, farpegum til upplýsingar og glöggvunar.

1. Gild leiðakort verði sett upp á öllum biðstöðvum og skiptistöðvum strætisvagna. Úreltum leiðakortum, sem prentuð voru fyrir breytingar á leiðakerfinu í júní 2024, verði skipt út, þar sem þau er að finna, og uppfærð kort sett í staðinn.
2. Á leiðaspjöldum á biðstöðvum verði allar stöðvar sýndar, sem fram undan eru.
3. Bæta þarf merkingar á skiptistöðvum, t.d. í Mjódd og Skúlagötu með því að setja þar upp kort af leiðakerfi Strætó í heild sinni.
4. Bæta þarf merkingar á Lækjartorgi. Um er að ræða þrjár biðstöðvar, sem aðgreindar eru með bókstöfunum A, B og C. Rúmlega hundrað metrar og fjórar akreinar skilja að biðstöðvar A og C við Lækjargötu en biðstöð B er við Hverfisgötu. Æskilegt er að hver biðstöð á Lækjartorgi verði merkt viðeigandi bókstaf með áberandi hætti en nú eru merkingar ekki áberandi.
5. Æskilegt er að upplýsingar um biðstöðvar leiða, séu sýndar með skýrum, línulegum merkingum í viðkomandi strætisvögnum, eins og tíðkast víða erlendis, farpegum til glöggvunar.
6. Gera þarf við sjónvarpsskjá í skiptistöðinni í Mjódd, sem veitir farpegum rauntímaupplýsingar um komur og brottfarir strætisvagna. Skjárinn hefur óvirkur um hríð.